

Ed.

260. Frumvarp

til laga um tilbúinn áburð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, í samráði við stjórn Búnaðarfelags Íslands, að taka í sínar hendur einkasölu á hverskonar tilbúnum áburði frá 1. okt. 1928. Þá er þetta hefir verið ákveðið, er engum öðrum heimilt að flytja hingad til landsins tilbúinn áburð.

2. gr.

Árin 1929, 1930 og 1931 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð bæði frá útlöndum og milli og til allra þeirra hafna, sem skip Eimskipafelags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á.

3. gr.

Áburðurinn er ekki útvegaður og seldur öðrum en hrepps- og bæjarfjelögum, búnaðarfjelögum og samvinnufjelögum bænda. Heimilt er að leggja á áburðinn alt að 5%. Það skal vera undantekningarlaus regla, að áburðurinn sje greiddur við móttöku. Að öðru leyti setur ríkisstjórnin, í samráði við stjórn Búnaðarfelags Íslands, reglur um rekstur verslunarinnar.

4. gr.

Rekstrarfje til verslunar þessarar, svo og allan annan kostnað við framkvæmd laga þessara, greiðir ríkissjóður.